

## Fundargerð

Miðvikudaginn 9. desember 2020 kl. 15:30 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi. Ákveðið var að miða eigi við heildarbreytingu á útsvari og framlögum Jöfnunarsjóðs. Fyrir útsvarið er horft til tímabilsins apríl til október og það borið saman við sama tímabil fyrra árs. Miða skal við þau framlög Jöfnunarsjóðs sem lækkuðu frá upphaflegri áætlun. Jafnframt var ákveðið að í aðferðafræðinni ætti að setja tvö skilyrði fyrir úthlutun framlags. Annars vegar að sveitarfélag sé með yfir 50% í skuldahlutfalli og að tekjufallið nemi a.m.k. 3% af reiknuðu veltufé.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 16:30

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 17. desember 2020